

## GJALDSKRÁ

### um breytingu á gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 82/2005.

1. gr.

Á eftir 16. gr. koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

17. gr.

*Eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun, skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Mengunarvaldur greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars beins útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

18. gr.

*Leiga mengunarvarnabúnaðar.*

Umhverfisstofnun krefur mengunarvald um gjald fyrir notkun á mengunarvarnabúnaði ef um að er ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða annarrar atvinnu-starfsemi, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Mengunarvaldur skal auk gjalds skv. 1. og 5. mgr. greiða útlagðan kostnað við flutning og notkun mengunarvarnabúnaðar, ásamt yfirferð og hreinsun á búnaðinum ef þörf krefur. Áætla skal kostnað við yfirferð og hreinsun á búnaði og skal mengunarvaldi gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en verk er hafið.

Eyðileggist búnaður við notkun getur Umhverfisstofnun krafist mengunarvald um kostnað við endurnýjun hans að teknu tilliti til ástands búnaðar fyrir notkun, aldurs hans og eðlilegra afskrifta, nema ef skemmdirnar hafa orðið vegna handvamar eða mistaka umsjónarmanns búnaðarins.

Kostnaður við notkun búnaðar annars staðar frá, sem og vinna við beitingu búnaðarins telst beinn útlagður kostnaður og greiðist af mengunarvaldi.

Fyrir leigu á mengunarvarnabúnaði í eigu Umhverfisstofnunar greiðist samkvæmt sundurliðun í eftirfarandi töflu:

<b>Olíuflotgirðingar</b>		<i>Leiga pr. einingu, kr.</i>		
<i>Tegund</i>	<i>Lengd</i>	<i>Eining</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
EXPANDY 3000	300	25 m	15.000	1.500
EXPANDY 4300	700	15 m	20.000	2.000

<b>Olíuupptökutæki</b>				
<i>Tegund</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Upptaka</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
Komera	2	12 tn/klst	100.000	10.000
Foxtail	2	20 tn/klst	150.000	15.000

*Innifalið í leigu:* Orkustöð.  
Tengistykki til að tengja inn á önnur vökvakerfi.

<b>Annar búnaður</b>			
<i>Tegund</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Dagur</i>	<i>klst.</i>
Rafstöðvar	2	5.000	500
Háprýstidælur	2	5.000	500

2. gr.

Núverandi 17. gr. verður 19. gr. og orðast 2. málslíður 1. mgr. nýrrar 19. gr. svo: Einnig skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 20. desember 2006.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*